

Frumvarp til laga

**um breytingu á lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995,
með síðari breytingum (vísitala neysluverðs án húsnæðis).**

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóá Þórsdóttir,
Eyjólfur Ármannsson, Guðmundur Ingi Kristinsson,
Jakob Frímann Magnússon, Tómas A. Tómasson.

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki skal taka tillit til húsnæðiskostnaðar við útreikning vísitölu neysluverðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Grei nargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 152. löggjafarþingi (279. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram að nýju efnislega óbreytt.

Verðbólga mælist nú langt umfram verðbólgygumarkmið Seðlabanka Íslands. Stærsti einstaki orsakavaldurinn er sífellt hækkandi húsnæðisverð. Þetta veldur keðjuverkandi áhrifum sem leiða til þess að greiðslubyrði heimilanna þyngist og lárin hækka til muna. Verðbólga mælist nú 9,9% en mælist 7,5% ef húsnæðisliðurinn er tekinn út. Helstu greiningaraðilar spá áframhaldandi hækkunum á húsnæðisverði, m.a. vegna framboðsskorts á húsnæði. Því er útlit fyrir verulegar hækkanir á vísitölu neysluverðs á næstu misserum vegna hækkandi húsnæðisverðs. Allir vita hvaða skelfilegu afleiðingar verðbólgan hafði á verðtryggð lán íslenskra fjölskyldna landsins í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Þar tvöfölduðust skuldir heimilanna á einni nótta og hátt í 15.000 fjölskyldur misstu heimili sín. Þetta má aldrei gerast aftur.

Til að sporna gegn hörðustu áhrifum verðbólgygnar á heimilin er lagt til að húsnæðisliðurinn verði felldur út úr vísitölu neysluverðs. Með slíkri breytingu má draga verulega úr mældri verðbólgu og þar með hörðustu áhrifum vísitoluhækkaná á fjárhag fjölskyldufólks, sérstaklega þeirra sem sitja fastir í viðjum verðtryggðra húsnæðisskuldbindinga.

Því hefur verið haldið fram að það grafi undan trúverðugleika verðbólgygmælinga að taka húsnæðisliðinn út. Það er einfaldlega ekki rétt. Hagstofan heldur þegar til haga vísitolubreytingum án húsnæðis og því ætti stofnunin að geta breytt framkvæmdinni til samræmis við frumvarp þetta án mikillar fyrirhafnar. Áfram verður hægt að birta opinberlega vísitölu neysluverðs með húsnæðisliðnum. Um þetta segir í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um frumvarp þetta á síðasta löggjafarþingi: „Hagstofan birtir nefnilega vísitölu neysluverðs bæði með og án húsnæðis svo langt aftur sem mælingar ná og greiningaraðilar gætu því eftir sem áður stuðst við hvora þeirra sem þeir vilja frekar nota. Jafnframt myndi breytingin hafa þau raunverulegu áhrif að árshækkun verðtryggðra skuldbindinga myndi strax lækka . . .“